

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. desember 2020
Tilvísun: OS2020020078/02.6
Verknúmer: 435-3130

Efni: Breytingar á gjaldskrá Landsnets – Gjaldskrá nr. 39

Raforkueftirlit Orkustofnunar vísar til erindis Landsnets þann 20. nóvember sl. Þar kynnir flutningsfyrirtækið breytingar á gjaldskrá sem fyrirhugað er að taki gildi þann 1. janúar nk.

Í erindi Landsnets kemur fram að um sé að ræða 5,5% hækkun á gjaldskrá til stórnotenda og 9,9% hækkun á gjaldskrá til dreifiveitna. Þá hækkar gjald vegna flutningstapa um 10% í kjölfar útboðs fyrir flutningstöp fyrir fyrsta ársfjórðung 2021. Einnig hefur Landsnet samið um kaup á reglunaraflstryggingu fyrir árið 2021 að undangengnu útboði sem leiðir til 2,57% hækkunar á kerfisþjónustu.

Raforkueftirlit Orkustofnunar hefur eftirlit með framkvæmd raforkulaga nr. 65/2003 og að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögnum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda. Raforkueftirlit Orkustofnunar getur gert athugasemdir við framlagða gjaldskrá flutningsfyrirtækis telji eftirlitið hana brjóta í bága við raforkulög eða reglugerðir settar með stoð í þeim, sbr. 9. mgr. 12. gr. a. raforkulaga nr. 65/2003.

Í 1. mgr. 12. gr. a. í raforkulögum kemur fram að gjaldskrá flutningsfyrirtækisins skuli sett í samræmi við tekjumörk. Hún gildir þá annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda.

Til þess að raforkueftirlit Orkustofnunar geti lagt mat á það hvort framlög gjaldskrá sé í samræmi við tekjumörk er nauðsynleg að meta hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá geti haft á niðurstöðu uppgjör tekjumarka sbr. 7. mgr. 12. gr. raforkulaga. Þ.e. hvort fyrirhugaðar breytingar leiði til þess að við uppgjör tekjumarka fari uppsafnaðar ofteknar tekjur yfir 10%.

Sá hluti 7. mgr. 12. gr. raforkulaga sem fjallar um uppsafnaðar vanteknar tekjur leggur ekki þær skyldur á flutningsfyrirtækið að hækka beri gjaldskrá í samræmi við ákvæðið þannig að óleyfilegt sé að uppsafnaðar vanteknar tekjur fari umfram 10% (eða undir -10% þar sem uppsafnaðar vanteknar tekjur hafa jafnan verið táknaðar með mínus). Stjórnnum eftirlitsskyldra aðila er það í sjálfsvald sett hvort og hvenær hækka beri gjaldskrá svo framarlega sem ekkert bendir til þess að það leiði til þess að uppsafnaðar ofteknar tekjur fari yfir 10%.

Eftirlit Orkustofnunar er lögbundið og byggjast valdheimildir stjórnvaldsins aðeins á heimildum í lögum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Eftirlit með gjaldskrárbreytingum einskorðast þar af leiðandi einungis við það hvort þær brjóti í bága raforkulög nr. 65/2003, en tekur ekki mið af öðrum matskenndum atriðum sem ekki hafa lagastoð.

Til þess að eftirlitið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu og lagt mat á lögmæti gjaldskrárbreytinga er nauðsynlegt að flutningsfyrirtækið sendi raforkueftirliti Orkustofnunar áætlun um uppgjör tekjumarka, þ.e. áætlun um tekjur og tekjumörk þar sem allar forsendur eru settar fram með skýrum hætti. Að öðrum kosti hefur eftirlitið engar forsendur til að meta hvort fyrirhugaðar breytingar geti leitt til þess að gjaldskráin brjóti í bága við 7. mgr. 12. gr. raforkulaga.

Eftirlitið beinir þeim tilmælum til Landsnets að gögn til útskýringar og rökstuðnings fylgi alltaf með fyrirhugðum breytingum á gjaldskrám.

Þann 24. nóvember sl. óskaði raforkueftirlit Orkustofnunar eftir gögnum frá Landsneti til rökstuðnings breytingarinnar með tölvubréfi, en jafnframt var óskað eftir fundi um málið. Gögn bárust eftirlitinu þann 29. nóvember sl. ásamt bréfi sem skýrði forsendur og áætlaða niðurstöðu uppgjörs tekjumarkaðs árin 2020, 2021 og 2022. Öll framsetning var til fyrirmyndar.

Raforkueftirlit Orkustofnunar framkvæmir þar að auki sína eigin útreikninga á áætluðum tekjum og tekjumörkum og ber saman við útreikninga og áætlanir Landsnets. Fundur var haldinn með Landsneti þann 30. nóvember, þar sem farið var yfir forsendur breytinganna og þá sérstaklega breytinga á gjaldskrá til stórnotenda og gjaldskrá til dreifiveitna.

Að teknu tillit til þeirra forsendna sem Landsnet hefur lagt fram gefa væntar niðurstöður á uppgjöri tekjumarkaðs ársins 2021 það til kynna að þær verði í samræmi við 7. mgr. 12. gr. raforkulaga, eða að uppsafnaðar tekjur verði vanteknar sem nemur -8,3% fyrir stórnotendur og -4,8% fyrir dreifiveitur, þrátt fyrir þessa breytingu.

Að mati raforkueftirlits Orkustofnunar eru nokkrir þættir sem helst orsaka það svigrúm sem myndast hefur til hækkana. Þar má nefna setningu tekjumarkaðs vegna tímabilsins 2021 til 2025, sbr. ákvörðun Orkustofnunar 10. september sl., en rekstrarkostnaður Landsnets hækkar frá síðasta tímabili. Einnig eru nýjar fjárfestingar að skila sér inn í kerfið sem veldur hækkun á eignastofni og þá sérstaklega vegna uppgjörs tekjumarkaðs hjá dreifiveitum árið 2021 og uppgjörs tekjumarkaðs hjá stórnotendum árið 2022. Það sem er óvenjulegt núna m.t.t. fyrri ára er að Landsnet áætla samdrátt í afli og orku hjá stórnotendum og samdrátt í afli hjá dreifiveitum árin 2020 og 2021. Þetta dregur úr tekjum og leiðir til meira svigrúms til hækkana en annars hefði verið.

Raforkueftirlit Orkustofnunar hefur farið yfir þau gögn og forsendur sem Landsnet hefur sett fram og sér ekkert sem bendir til þess að þessi breyting leiði til þess að uppgjör tekjumarkaðs ársins 2021 brjóti í bága við 7. mgr. 12. gr. raforkulaga.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur fram komið gerir eftirlitið ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá er varða stórnotendur og dreifiveitur.

Einnig hefur eftirlitið farið yfir gögn frá Landsneti er varðar breytingar á gjaldskrá vegna kerfisþjónustu og flutningstapa og gerir ekki athugasemdir við þær breytingar.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra


Silja Rán Sigurðardóttir
Verkefnastjóri hagfræði raforkumála


Hanna Björg Konráðsdóttir
lögfræðingur